

AUGLÝSING
um viðbótarbókun við fríverslunarsamning
Íslands og Evrópusambandsins frá 1972.

Hinn 3. maí 2016 tók sameiginleg nefnd samkvæmt 30. gr. fríverslunarsamnings Íslands og Evrópusambandsins (áður Efnahagsbandalagið) frá 22. júlí 1972 ákvörðun um gerð viðbótarbókunar við fríverslunarsamninginn, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1973 þar sem fríverslunarsamningurinn frá 1972 er birtur. Henni var beitt til bráðabirgða frá 1. ágúst 2016.

Ákvörðunin öðlaðist gildi 1. september 2017 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 6. desember 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**VIÐBÓTARBÓKUN VIÐ SAMNINGINN
MILLI EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU
OG LÝÐVELDISINS ÍSLANDS**

EVROPUSAMBANDIÐ

og

ÍSLAND

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands, sem var undirritaður 22. júlí 1972, og gildandi reglum um viðskipti með fisk og sjávarafurðir milli Íslands og Bandalagsins,

MEÐ HLIÐSJÓN af viðbótarbókuninni við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands um sérákvæði fyrir tímabilið 2009-2014 um innflutning til Sambandsins á tilteknum fisktegundum og sjávarafurðum, einkum 1. gr.,

MEÐ HLIÐSJÓN AF viðbótarbókuninni við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands í kjölfar aðildar Lýðveldisins Króatíu að Evrópusambandinu, einkum 2. gr.,

HAFA ÁKVEÐIÐ AÐ GERA SVOHLJÓÐANDI BÓKUN:

1. gr.

1. Í þessari bókun og viðaukanum við hana er mælt fyrir um sérákvæði um innflutning til Evrópusambandsins á tilteknum fisktegundum og sjávarafurðum sem eru upprunnar á Íslandi. Árlegir tollfrjálsir tollkvótar eru settir fram í viðaukanum við þessa bókun. Tollkvótarnir gilda frá upphafsdegi bráðabirgðabeitingar þessarar bókunar, samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr., til 30. apríl 2021.
2. Við lok þess tímabils munu samningsaðilarnir meta hvort nauðsynlegt er að viðhalda þeim sérákvæðum sem um getur í 1. mgr. og endurskoða, ef nauðsyn krefur, kvóta jafnframt því að taka tillit til allra þeirra hagsmuna sem máli skipta.

2. gr.

1. Opna skal tollkvótana daginn sem bráðabirgðabeiting þessarar bókunar hefst, samkvæmt þeim málsmeðferðarreglum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr.
2. Tollkvótarnir eru settir fram í viðaukanum við þessa bókun. Fyrsti tollkvótinn skal vera aðgengilegur frá upphafsdegi bráðabirgðabeitingar þessarar bókunar til 30. apríl 2017. Frá 1. maí 2017 og áfram skal síðari tollkvótum úthlutað árlega frá 1. maí til 30. apríl til loka þess tímabils sem um getur í 1. gr. þessarar bókunar.
3. Úthluta skal tollkvóta hlutfallslega fyrir tímabilið frá 1. maí 2014 þar til bráðabirgðabeiting þessarar bókunar hefst og skal hann vera aðgengilegur til loka tímabilsins sem um getur í 1. gr. þessarar bókunar.

3. gr.

Þær upprunareglur, sem eiga við um tollkvótana sem settir eru fram í viðaukanum við þessa bókun, skulu vera þær sömu og settar eru fram í bókun 3 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands sem var undirritaður 22. júlí 1972.

4. gr.

1. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja bókun þessa í samræmi við eigin reglur um málsmeðferð. Skjöl um fullgildinguna eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.
2. Hún öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann mánuð er síðasta skjalið um fullgildinguna eða samþykki hefur verið afhent til vörslu.

3. Þar til þeirri málsmeðferð, sem um getur í 1. og 2. mgr., er lokið skal beita þessari bókun til bráðabirgða frá fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að síðasta tilkynningin um það hefur verið afhent til vörslu.

5. gr.

Bókun þessi, sem gerð er í einu frumriti á búlögörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, króatísku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungvörsku, þýsku og íslensku, en textar hennar á sérhverju þessara tungumála eru jafngildir, skal afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu sem mun senda hverjum samningsaðila staðfest endurrit.

Gjört í Brussel þriðja dag maímánaðar árið tvö þúsund og sextán.

Fyrir hönd Evrópusambandsins
Leonardo Schiavo

Fyrir hönd Íslands
Bergdís Ellertsdóttir

VIÐAUKI

Sérákvæði sem um getur í 1. gr. bókunarinnar

Evrópusambandið skal opna eftirfarandi árlega tollfrjálsa tollkvóta fyrir afurðir sem eru upprunnar á Íslandi til viðbótar við fyrirliggjandi varanlega tollfrjálsra tollkvóta:

SN-númer	Vörulýsing	Nettóþyngd árlegs tollkvóta (1.5-30.4), nema annað sé tekið fram *
0303 51 00	Síld af tegundunum <i>Clupea harengus</i> og <i>Clupea pallasii</i> , fryst, þó ekki lifur og hrogn ⁽¹⁾	950 tonn
0306 15 90	Frystur leturhumar (<i>Nephrops norvegicus</i>)	1000 tonn
0304 49 50	Flök af karfa (<i>Sebastes</i> spp.), ný eða kæld	2000 tonn
1604 20 90	Aðrar unnar fiskvörur	2500 tonn
⁽¹⁾ Vörur, sem hafa verið afgreiddar í frjálst flæði á tímabilinu 15. febrúar til 15. júní, skulu ekki njóta hagræðis af tollkvótum.		

* Bæta skal við magni í samræmi við 3. mgr. 2. gr. viðbótarbókunarinnar.

**ADDITIONAL PROTOCOL TO THE AGREEMENT
BETWEEN THE EUROPEAN ECONOMIC COMMUNITY
AND THE REPUBLIC OF ICELAND**

THE EUROPEAN UNION

and

ICELAND

HAVING REGARD to the Agreement between the European Economic Community and the Republic of Iceland signed on 22 July 1972, and to the existing arrangements for trade in fish and fishery products between Iceland and the Community,

HAVING REGARD to the Additional Protocol to the Agreement between the European Economic Community and Iceland concerning special provisions applicable for the period 2009-2014 to imports into the Union of certain fish and fishery products, and in particular Article 1 thereof,

HAVING REGARD to the Additional Protocol to the Agreement between the European Economic Community and Iceland consequent on the accession of the Republic of Croatia to the European Union, and in particular Article 2 thereof,

HAVE DECIDED TO CONCLUDE THIS PROTOCOL:

ARTICLE 1

1. The special provisions applicable to imports into the European Union of certain fish and fishery products originating in Iceland are laid down in this Protocol and the Annex thereto. The annual duty free tariff quotas are set out in the Annex to this Protocol. These tariff quotas shall be applicable from the day on which the provisional application of this Protocol becomes effective, according to procedures laid down in paragraph 3 of Article 4, until 30 April 2021.
2. At the end of this period, the Contracting Parties will assess the need to maintain the special provisions referred to in paragraph 1 and, if necessary, review the quota levels while taking into account all relevant interests.

ARTICLE 2

1. The tariff quotas shall be opened on the day on which the provisional application of this Protocol becomes effective, according to procedures laid down in paragraph 3 of Article 4.
2. The volumes of the tariff quotas are set out in the Annex to this Protocol. The first tariff quota shall be available from the date of provisional application of this Protocol until 30 April 2017. From 1 May 2017 onwards, subsequent tariff quotas shall be allocated annually from 1 May to 30 April until the end of the period referred to in Article 1 of this Protocol.
3. The tariff quota volumes covering the period from 1 May 2014 until the provisional application of this Protocol shall be proportionally allocated and made available for the rest of the period referred to in Article 1 of this Protocol.

ARTICLE 3

The rules of origin applicable for the tariff quotas listed in the Annex to this Protocol shall be those set out in the Protocol 3 to the Agreement between the European Economic Community and Iceland signed on 22 July 1972.

ARTICLE 4

1. This Protocol shall be ratified or approved by the Parties in accordance with their own procedures. The instruments of ratification or approval shall be deposited with the General Secretariat of the Council of the European Union.
2. It shall enter into force on the first day of the second month after the last instrument of ratification or approval has been deposited.

3. Pending the completion of the procedures referred to in paragraphs 1 and 2, this Protocol shall be applied on a provisional basis as from the first day of the third month following the deposit of the last notification to this effect.

ARTICLE 5

This Protocol, drawn up in a single original in the Bulgarian, Croatian, Czech, Danish, Dutch, English, Estonian, Finnish, French, German, Greek, Hungarian Italian, Latvian, Lithuanian, Maltese, Polish, Portuguese, Romanian, Slovak, Slovenian, Spanish, Swedish and Icelandic languages, the text in each of these languages being equally authentic, shall be deposited with the General Secretariat of the Council of the European Union, which will remit a certified copy to each of the Parties.

Done at Brussels on the third day of May in the year two thousand and sixteen

For the European Union
Leonardo Schiavo

For Iceland
Bergdís Ellertsdóttir

ANNEX

Special provisions referred to in article 1 of the protocol

In addition to the existing permanent duty free tariff quotas, the European Union shall open the following annual duty free tariff quotas for products originating in Iceland:

CN code	Description of products	Annual (1.5-30.4) tariff quota volume in net weight unless otherwise specified *
0303 51 00	Herrings of the species <i>Clupea harengus</i> and <i>Clupea pallasii</i> , frozen, excluding livers and roes ⁽¹⁾	950 tonnes
0306 15 90	Frozen Norway lobsters (<i>Nephrops norvegicus</i>)	1 000 tonnes
0304 49 50	Fillets of redfish (<i>Sebastes</i> spp.), fresh or chilled	2 000 tonnes
1604 20 90	Other preparations of fish	2 500 tonnes
⁽¹⁾ The benefit of the tariff quota shall not be granted to goods declared for release for free circulation during the period 15 February to 15 June.		

* Quantities shall be added in accordance with Article 2(3) of the Additional Protocol.